



Tæknifræðingafélag Íslands



Verkfræðingafélag Íslands



Stéttarfélag verkfræðinga



ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Samstarfsamningur milli Endurmenntunar Háskóla Íslands, Verkfræðingafélags Íslands, Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélag Verkfræðinga um símenntun fyrir verk- og tæknifræðinga.

Endurmenntun Háskóla Íslands, (EHÍ) kt. 600169-2039, Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) kt. 680269-6299 Tæknifræðingafélag Íslands (TFÍ) kt. 660269-4609 og Stéttarfélag Verkfræðinga (SV) kt. 620269-6629 gera með sér samning um símenntun verk- og tæknifræðinga.

Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands hafa frá upphafi verið aðilar að Endurmenntun HÍ. Félögin eru því heiðurssamstarfsaðilar Endurmenntunar.

### 1. gr.

#### Gagnkvæmar skyldur

- 1.1 Endurmenntun, Verkfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands og Stéttarfélag Verkfræðinga tilnefna sína fulltrúa sem sitja í ENSÍM nefnd (Endurmenntunar- og símenntunarnefnd VFÍ, TFÍ OG SV) varðandi framkvæmd, efnistöð og þróun námskeiða eða annarra verkefna sem samstarf er um.
- 1.2 Við undirbúning framboðs skulu fulltrúar samningsaðila halda samstarfsfund, þar sem farið er yfir tillögur um efni og efnistöð, innihald, kennara ásamt fyrirkomulagi námskeiða.
- 1.3 Á hverju misseri fara samningsaðilar yfir mat á námskeiðum og verkefni framundan.
- 1.4 Samningsaðilar skulu stuðla að jákvæðri ímynd beggja, góðri kynningu og markaðssetningu á námskeiðum sem verða í boði.
- 1.5 Í allri kynningu og markaðssetningu á námskeiðum skal koma fram að námskeiðin séu haldin í samstarfi Endurmenntunar og Ensím nefndarinnar og skulu merki beggja vera sýnileg.
- 1.6 Endurmenntun, Verkfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands og Stéttarfélag Verkfræðinga kynna og markaðssetja námskeiðin meðal sinna markhópa, viðskiptavina og félagsmanna.

### 2. gr.

#### Framboð

Samstarfsaðilar munu ákveða fjölda námskeiða og önnur verkefni sem upp kunna að koma á samráðsfundum. Leitast er við að gera framboð um símenntun sýnilegt a.m.k. tvö misseri fram í tímann.

### 3. gr.

#### Verðlagning námskeiða

Leitast verður við að halda verðlagningu námskeiða í lágmarki en ætíð að þau standi undir föstum og breytilegum kostnaði sem fellur til við hvert námskeið. Samstarfsaðilar eru sammála um verð námskeiðs sem ræðst af lengd og öllum kostnaði þess ásamt áætlaðum fjölda þátttakenda.



Tæknifræðingafélag Íslands



Verkfræðingafélag Íslands



Stéttarfélag verkfræðinga



ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

#### 4. gr.

### Önnur námskeið Endurmenntunar HÍ

EHÍ mun bjóða VFÍ, TFÍ og SV valin námskeið úr framboði sínu með sérstökum afsláttarkjörum. Það framboð mun liggja fyrir við upphaf hvers misseris.

#### 5. gr.

### Gildistími samningsins

Gildistími samningsins er frá 29. september 2009 – 29. september 2011.

#### 6.gr.

### Eintök samnings

Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum, einu fyrir hvern aðila samningsins.

Reykjavík, 29. september 2009

f.h. Endurmenntunar Háskóla Íslands

---

Kristín Jónsdóttir  
endurmenntunarstjóri

f.h. Verkfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélags Verkfræðinga

---

Árni Björn Björnsson  
fræmkvæmdastjóri



Tæknifræðingafélag Íslands



Verkfræðingafélag Íslands



Stéttarfélag verkfræðinga



ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Nánari útlistun á 1. gr.

### Verkaskipting EHÍ, VFÍ, TFÍ og SV:

#### Þjónustufulltrúar EHÍ:

- Sjá um skráningu á Endurmenntun.is eða í síma 525-4444.
- Senda áminningu/staðfestingu til umsækjenda.
- Veita upplýsingar til umsækjenda/kennara.
- Bóka stofur og sjá til þess að allur búnaður sé til staðar ef námskeið er haldið í húsnæði Endurmenntunar.
- Hafa umsjón með veitingum ef námskeið er haldið í húsnæði Endurmenntunar.
- Útbúa markpósta og senda út í samvinnu við verkefnastjóra.
- Senda staðfestan þátttökulista til umsjónarmanna VFÍ, TFÍ og SV ef þess er óskað.

#### Verkefnastjóri EHÍ:

- Gerir kostnaðaráætlun námskeiðs.
- Sér um samskipti og skipulagningu við kennara/umsjónarmenn s.s. framsetningu námskeiðs, námsgögn, tímasetningu ásamt ýmsum hagnýtum og faglegum þáttum í samvinnu samstarfsaðila.
- Sér um samskipti við tengiliði hjá VFÍ, TFÍ og SV.
- Svarar fyrirspurnum kennara og umsækjenda ásamt VFÍ, TFÍ og SV.
- Sér um að setja saman upplýsingar fyrir vef og kynningu.
- Vinnur markaðs- og kynningaráætlun í samvinnu við markaðsstjóra. ss. auglýsingar, markpóstar, blöðungar og annað sem við á.

#### Námshagnastjóri EHÍ:

- Er tengiliður við kennara vegna námshagna og innköllunar á þeim.
- Sendir námshagn til fjölrítunar og gætir þess að þau uppfylli gæðastaðla
- Sér til þess að námshagn séu tilbúin í tæka tíð og afhent við upphaf námskeiðs. Einnig að þau séu send í pdf skjölum ef um fjarfund/fjarnám er að ræða.

Námshagn bera bæði "lógó" EHÍ og samstarfsaðila og eru afhent í möppum EHÍ.



Tæknifræðingafélag Íslands



Verkfræðingafélag Íslands



Stéttarfélag verkfræðinga



ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

### Staðfesting á viðveru þátttakenda hjá EHÍ:

- Viðvera er skráð með viðverulista á hverju námskeiði.
- Viðverulisti er yfirfarinn af Endurmenntun og sendur til VFÍ, TFÍ og SV ef þess er óskað.

### Mat á námskeiðum hjá EHÍ:

- Við lok hvers námskeiðs fylla þátttakendur út matsblað.
- Úrvinnsla fer fram í Endurmenntun.
- Niðurstöður námsmats eru sendar til tengiliða hjá VFÍ, TFÍ og SV.
- Niðurstöður eru sendar til viðkomandi kennara.

### Skírteini:

- Skírteini eru gerð hjá EHÍ.
- Skírteini eru undirrituð afhent þátttakendum við lok námskeiðs.

### Vefstjóri EHÍ, VFÍ, TFÍ og SV:

- Útbýr sérstaka slóð inn á námskeið eða aðra viðburði sem kunna að vera gerðir í samstarfi EHÍ, VFÍ, TFÍ og SV með hagnýtum upplýsingum fyrir umsækjendur og samstarfsaðila ss.
  - Titil og innihald námskeiða
  - Skráningarfrest
  - Kennslufyrirkomulag og kennara
  - Tímasetningar
  - Greiðslufyrirkomulag
  - Staðsetningu
  - Þjónustu

Upplýsingar verða samræmdar á vefsíðum samstarfsaðila og tengill verður virkur frá öllum heimasíðum.

### Fjarfundur/fjarnám:

Leitast verður við að bjóða sem flest námskeið í fjarkennslu.

Sú tækni sem EHÍ notar er eftirfarandi eftir því sem við á og er í höndum tæknistjóra EHÍ:

- Fjarfundur: Gagnvirk sending um fjarfundabúnað á rauntíma.
- E mission: Upptaka sem hægt er að nálgast að fyrirlestri loknum.

Ákvörðun um fjarkennslu og staðsetningu skoða samstarfsaðilar fyrir hvert námskeið. Samskipti við fjarfundastaði verða frá þeim stað sem fjarfundur er haldinn.



Tæknifræðingafélag Íslands



Verkfræðingafélag Íslands



Stéttarfélag verkfræðinga



ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

**Bókhald:**

- EHI sér um gerð reikninga til þátttakenda og innheimtu þeirra.
- EHI sér um greiðslur til kennara og umsjónarmanna námskeiða.
- EHI sér um uppgjör námskeiða.

**Húsnæði:**

- Ýmist á vegum EHI eða samstarfsaðila.

Endurmenntun getur látið í té kennslustofur. Stærð þeirra getur verið frá 30 manna stofum upp í 100 manna stofur. Allar stofur hafa möguleika á fjarnámi með mismunandi tækni.

sept.2009/RH